

Fundur skólaráðs Hofsstaðaskóla 17. október kl. 8.20.

Mættir voru: Hafdís Bára Kristmundsdóttir.

Helga Rut Eysteinsdóttir, Ólafur Pétursson, Elín Dóra Sigurðardóttir, Breki Rafn Styrmissón, Flóki Fannarsson og Hafdís Bára Kristmundsdóttir. Aðrir boðuðu forföll.

Gögn voru send fundarmönnum í tölvupósti til kynningar.

Dagskrá fundarins:

1. Skólaráðsfulltrúar voru kynntir og boðnir velkomnir til starfa. Nemendur kynntu hvernig staðið var að framboði og kosningu nemendafulltrúa á fundi nemendaráðs. Í nemendaráði sitja tveir fulltrúar úr öllum bekkjum í 2. til 7. bekk.
2. **Starfsreglur skólaráðs** voru samþykktar
3. **Starfsáætlun skólaráðs** var samþykkt. Fundartími kl. 8.20 að morgni hentar öllum ágætlega. Nemendur eiga erfitt með að mæta í skólalok vegna tómtunda- og íþróttaiðkunar. Fundirnir verða alls fimm til vors.
4. **Skólabyrjun haustið 2024.** Nemendur eru ánægðir með skólabyrjun. Ánægðir með lengri frímínútur hjá eldri. Styttur tími í matsal fer misvel í þá einkum þegar er eitthvað gott í matinn. Styttri tími á milli íþróttatíma gengur vel. Með þessum breytingum þurfti ekki að lengja skóladag nemenda. Fulltrúi kennara er ánægður með endurbætur á húsnæði og þá sérstaklega loftgæði og lýsingu. Skólastjóri sagði frá áskorunum við að manna allar stöður. Leiðbeinendur í kennslu eru nú þrír. Enn er unnið ráðningum m.a. sérkennara og deildarstjóra og umsjónarkennara vegna fæðingarorlofs. Í haust var skólinn þrífinn mjög vel eftir framkvæmdir og til stendur að taka ryksýni til þess að kanna hvort tekist hafi að útrýma myglunni. Unnið er við að klæða húsið að utan sem er liður í endurbótunum. Lokið verður við klæðninguna á þremur árum.
5. **Starfsáætlun Hofsstaðaskóla 2024-2025.** Henni var skilað til skóladeildar í lok september og er nú samþykkt og staðfest af skólaráði. Áætlunin er í kjölfarið birt á vefsíðu skólans. Starfsáætlun er skjal sem fjallar um áherslur og skólastarfið ár hvert. Hún er hluti af Skólanámskrá sem kom síðast út árið 2001. Á hverju vori er birt ársskýrsla þar sem farið er yfir skólastarfið í árslok.
6. **Erindi frá nemendum:** Þeir spyrja um endurbætur á skólalóðinni, annan battavöll, hærrí batta, fleiri leiktæki eins og þeir sáu á Akureyri í haust þegar þeir voru í handboltaferð. Vinna við hönnun á endurbótum á skólalóðinni er hafin og röðin loksins komin að Hofsstaðaskóla. Nemendur munu koma að hugmyndavinnu undir formerkjum nemendaráðsins þeir vilja auka skreytingar á göngum og búa til listaverk. Skólamatinn ræddu þeir einnig, sumt er gott og annað ekki eins gott. Ákveðið var að kalla eftir fundi með forsvarsmönnum Skólamatar og fulltrúum nemenda í skólaráði og ræða saman um matinn. Skólastjóri biður um fundinn og hann verður á dagskrá fyrir næsta skólaráðsfund.
7. **Erindi frá foreldrum.** Fulltrúi foreldra spurði um endurbætur á skólalóðinni og Félagsstarf fyrir 5. – 7. bekk. Skólalóðina var búið að ræða. Stöðugt er kallað eftir svörum varðandi félagsstarf fyrir nemendur í Hofsstaða- og Flataskóla sem sitja ekki við sama borð og aðrir nemendur á sama aldri í bænum.
8. **Önnur mál.** Spurt var um sérstakt lag Hofsstaðaskóla. Það var rætt í tengslum við 40 ára afmæli skólans og væri gaman að taka upp aftur.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir